



Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 HELLA
birgir@ry.is

Umsögn vegna deiliskipulagstillögu fyrir Suðurlandsveg (1-c3) í gegnum þéttbýlið Hellu, Rangárþingi ytra. Mál nr. 150/2023

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg gegnum Hellu, frá tengingum göngu- og hjólréiðastígar vestan við Rangá og að vegamótum Rangárvallavegar í austri, unnið af Eflu verkfræðistofu dags 27.04.2023.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn og fagnar því að verið er að vinna heildstætt skipulag fyrir Hringveginn um Hellu og telur þær breytingar sem gerðar eru vera til bóta en teldi æskilegra að skipulagið hefði náð alveg út fyrir skipulagt þéttbýli þ.e. vestur fyrir Árbæjarveg.

Síða 1/1

Ekki eru gerðar athugasemdir en tekið er undir að mikilvægt er að núverandi tenging að Gaddstaðahverfi verði áfram víkjandi, en núverandi tenging er óheppileg og mikilvægt að íbúar á Hellu geti ferðast á milli hverfa án þess að þurfa að fara út á Hringveg.

Jafnframt minnir Vegagerðin á að fjöldi tenginga og göngupverana ógnar alltaf umferðaröryggi og greiðfærni vega og ætti deiliskipulag að taka mið af því að bæta umferðaröryggi og fækka tengingum við þjóðveg. Rétt er að hafa niðurstöður umferðaröryggisrýni fyrir hjóla- og göngustíga meðfram Hringvegi i huga við gerð skipulags.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is